

**Nr. 19-104 S 066 Þruma II****Vélavana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7797  
Útgerð: Sea Safari ehf.  
Smíðaður: Pólland, 2015, trefjaplast.  
Stærð: 11,41 bt.  
Mesta lengd: 10,46 m Skráð lengd: 9,44 m  
Breidd: 3,65 m Dýpt: 1,35 m  
Vél: Suzuki, 441,4 kw, árg:2015  
Fjöldi skipverja: 2  
Fjöldi farþega: 9



Þruma II ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 20. júní 2019 var RIB báturinn Þruma II á siglingu með farþega á ytri höfn Reykjavíkur. Veður: NNA 6 m/s.

Á siglingunni varð Þruma II bensínlaus grunnt undan Sæbraut. Dráttarbáturinn Leynir dró hana til hafnar í Reykjavík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að í bátnum var bensíntankur sem tók 700 lítra;
- að bensínmagn á tanknum var mælt annars vegar með mæli og hins vegar með reiknilíkani í vélatölvunni;
- að skipstjórinn fór eftir vélatölvunni sem hafði alltaf verið rétt, en í þessu tilfalli voru forsendur vélatölvunnar ekki réttar og niðurstaðan því röng. Tölvan hafði ekki verið núllsett við síðustu eldsneytistöku;
- að bensínmælir í tanknum var í lagi og sýndi rétt magn á tanknum;
- að ekki voru skriflegar verklagsreglur eða sérstök skráning um eldsneytistökur s.s. gátlistar.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en beinir því til útgerðar og skipstjóra skoðunar- og farþegaskipa að koma á skriflegum verklagsreglum um eldsneytistökur og hafa skráningar á þeim.